

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/70/EB

2002/EES/16/01

frá 13. október 1998

um gæði bensíns og díseilsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE(\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(1)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 29. júní 1998,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Misræmi í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um forskriftir fyrir hefðbundið eldsneyti og annars konar eldsneyti sem er notað í ökutæki með rafkveikju- og þrýstikveikjuhreyfla skapar viðskiptahindranir innan bandalagsins og kann því að hafa bein áhrif á stofnun og starfsemi innra markaðarins og alþjóðlega samkeppnishæfni bílaframleiðslu- og hreinsunariðnaðarins í Evrópu. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. b í sáttmálanum virðist því nauðsynlegt að samræma lög á þessu sviði.
- 2) Í 3. mgr. 100. gr. a í sáttmálanum er fyrirhugað að í tillögum framkvæmdastjórnarinnar, sem miða að stofnun og starfsemi innra markaðarins og varða meðal annars

heilsu- og umhverfisvernd, verði viðtæk vernd höfð til grundvallar.

- 3) Frumloftmengunarefni, svo sem köfnunarefnisoxíð, óbrennd vetniskolefni, fingert ryk, koleinnoxíð, bensen og önnur eitruð útblástursegfni, sem stuðla að myndun afleiddra mengunarefna, svo sem ósons, eru losuð í verulegu magni með útblástursreyk og uppgufun frá vélknúnum ökutækjum og stofna þannig heilsu manna og umhverfinu beint og óbeint í verulega hættu.
- 4) Þrátt fyrir að markgildi fyrir útblástur frá ökutækjum, sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 70/220/EBE <sup>(4)</sup> og tilskipun ráðsins 88/77/EBE <sup>(5)</sup>, verði æ ósveigjanlegri er nauðsynlegt að gera frekari ráðstaf-anir til að draga úr mengun andrúmslofts frá öku-tækjum og öðrum uppsprettum til að viðunandi loft-gæði fái.
- 5) Í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/12/EB <sup>(6)</sup> var kynnt ný leið varðandi ráðstafanir sem miða að því að draga úr útblæstri fyrir og eftir árið 2000 og farið fram á það við framkvæmda-stjórnina að hún rannsakaði meðal annars hvernig endurbætur á gæðum bensíns, díseilsneytis og annars eldsneytis geta stuðlað að því að draga úr loftmengun.
- 6) Auk upphafsáfangu eldsneytisforskrifta, sem hefst árið 2000, verður að gera ráð fyrir öðrum áfanga, er komi til framkvæmda árið 2005, til að gera atvinnu-vegunum kleift að inna af hendi nauðsynlegar fjár-festingar til að aðlaga framleiðsluáætlanir sínar.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2001 frá 13. júlí 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 47, 20.9.2001, bls. 2.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 77, 11.3.1997, bls. 1 og Stjtið. EB C 209, 10.7.1997, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 206, 7.7.1997, bls. 113.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 10. apríl 1997 (Stjtið. EB C 132, 28.4.1997, bls. 170), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. október 1997 (Stjtið. EB C 351, 19.11.1997, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. febrúar 1998 (Stjtið. EB C 80, 16.3.1998, bls. 92). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. september 1998 (Stjtið. EB C 313, 12.10.1998). Ákvörðun ráðsins frá 17. september 1998.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/69/EB (Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls. 33. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/1/EB (Stjtið. EB L 40, 17.2.1996, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 100, 19.4.1994, bls. 42.

- 7) Bensín og díseildsneyti, sem uppfylla forskriftirnar í I., II., III. og IV. viðauka, eru þegar komin á markað í Evrópubandalaginu.
- 8) Með evrópsku ökutækja-/olíuáætluninni, sem lýst er nákvæmlega í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um stefnumótun í baráttunni gegn loftmengun vegna útblásturs við flutninga á vegum, hefur verið lagður vísindalegur, tæknilegur og efnahagslegur grunnur að því að leggja til að innleiddar verði á vettvangi bandalagsins nýjar umhverfisforskriftir fyrir bensín og díseildsneyti.
- 9) Innleiðing umhverfisforskrifta fyrir bensín og díseildsneyti er mikilvægur liður í þeim hópi kostnaðarhagkvæmra bandalagsráðstafana, og innlendra/svæðisbundinna/staðbundinna ráðstafana, sem ber að koma til framkvæmda, að teknu tilliti til kostnaðar og ábata af hverri aðgerð.
- 10) Framkvæmd bandalagsráðstafana í bland við innlendar/svæðisbundnar/staðbundnar ráðstafanir til að draga úr útblæstri frá ökutækjum er hluti af heildarstefnumörkun framkvæmdastjórnarinnar við að draga úr útblæstri staðbundinna og hreyfanlegra uppspretta á samstilltan hátt sem samræmist viðmiðunum um kostnaðarhagkvæmni.
- 11) Nauðsynlegt er að dregið sé til skamms tíma úr mengandi útblæstri ökutækja, einkum á þéttbýlissvæðum, þar með töldum frummengunarefnum svo sem óbrenndum vetniskolefnum og koleinoxíði, afleiddum mengunarefnum, svo sem ósoni, og eitruðum útblæstri, svo sem benseni og fingerðu ryki. Með breytingu á samsetningu eldsneytis má fá þegar í stað fram minnkun á mengandi útblæstri frá ökutækjum á þéttbýlissvæðum.
- 12) Með efnem sem innihalda súrefni og verulegri minnkun arómatískra efna, alkana, bensens og brennisteins má auka gæði eldsneytis með tilliti til loftgæða.
- 13) Ákvæði tilskipunar ráðsins 92/81/EBE frá 19. október 1992 um samhæfingu samsetningar vörugjalds á jarðolíu <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 8. gr., eru letjandi fyrir aðildarríkin og kunna að koma í veg fyrir að þau beiti mismunandi vörugjöldum með það í huga að auka eldsneytisgæðin umfram það sem krafist er í eldsneytisforskriftum bandalagsins.
- 14) Notkun aðildarríkjana á mismunandi vörugjöldum getur stuðlað að því að tekið sé upp þróaðra eldsneyti sem tekur mið af forgangsröðun, möguleikum og þörf ríkisins.
- 15) Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögu að tilskipun um orkuvörur. Markmið tillögunnar er meðal annars að heimila aðildarríkjunum að nota skattalega örvun í formi mismunandi vörugjalda til að greiða fyrir innleiðingu þróaðra eldsneytis.
- 16) Almennt er skortur á eldsneytisforskriftum sem miða að því að draga bæði úr útblæstri og uppgufun mengandi efna.
- 17) Blýmengun í andrúmslofti, sem myndast við brennslu blýbensíns, stofnar heilsu manna og umhverfinu í hættu. Það er stórt skref fram á við að árið 2000 muni því sem næst öll bensínknúin ökutæki geta gengið fyrir blýlausu bensíni og því er rétt að takmarka mjög markaðssetningu blýbensíns.
- 18) Þar sem þörf er á að draga úr útblæstri frá ökutækjum, og nauðsynleg hreinsunartækni er fyrir hendi, er réttlætunlegt að settar séu fram umhverfisforskriftir fyrir markaðssetningu blýlauss bensíns og díseildsneytis.
- 19) Það virðist rétt að leyfa tvenns konar díseildsneyti og bensín, þar sem önnur tegund díseildsneytis og önnur tegund bensíns eru í herra gæðaflokki. Rétt er að fyrir árið 2005 leysi díseildsneyti og bensín í hærri gæðaflokkum af hólmi díseildsneyti og bensín í lægri gæðaflokkum á markaðinum. Þó skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að slíkri breytingu geti seinkað ef tímasetningin 2005 skapar alvarleg vandræði hjá atvinnuvegunum í einhverju aðildarríkjana að því er varðar nauðsynlegar breytingar á framleiðsluáðstöðu.
- 20) Í því skyni að vernda heilsu manna og/eða umhverfið á tilteknum þéttbýlissvæðum eða á tilteknum svæðum, sem eru viðkvæm frá vistfræðilegu sjónarmiði og búa

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 316, 31.10.1992, bls. 12. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/74/EB (Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 46).

við sérstök vandamál að því er varðar loftgæði, ber að heimila aðildarríkjunum, með fyrirvara um málsmeðferðina sem þessi tilskipun kveður á um, að krefjast þess að eldsneyti megi aðeins markaðssetja ef það uppfyllir strangari umhverfisforskriftir en þær sem þessi tilskipun kveður á um. Þessi málsmeðferð er undanþága frá upplýsingaaðferðinni sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 um aðferð við framsetningu upplýsinga vegna tæknilegra staðla og fyriræla og reglum um þjónustu í upplýsingaþjóðfélagi<sup>(1)</sup>.

21) Aðildarríkjunum ber að innleiða eftirlitskerfi til að tryggja að eldsneytisgæðastaðlarnir sem þessi tilskipun gerir kröfu um séu virtir. Slíkt eftirlitskerfi ættu að byggja á almennum sýnatöku- og prófunaraðferðum og ber aðildarríkjunum að senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um eldsneytisgæði, samkvæmt stöðluðu sniði.

22) Framkvæmdastjórninni ber að leggja fram tillögu, á grundvelli heildarmats, til stuðnings lögboðnu forskriftunum fyrir bensín og díseldsneyti sem um getur í III. og IV. viðauka og á að beita frá og með 1. janúar 2005. Heimilt er að fastsetja einnig í tillögu framkvæmdastjórnarinnar, eins og við á, umhverfisforskriftir fyrir aðrar tegundir eldsneytis, svo sem fljótandi jarðolíugas (LPG), jarðgas og lífrænt eldsneyti. Stór hluti mengunar í þéttbýli kemur frá einsleitum ökutækjafлотum (strætisvögnum, leigubílum, vöruflutningabifreiðum o.s.frv.) og sérstakar forskriftir geta nýst þeim.

23) Í ljósi framfara í tækni og vísindum kann að vera æskilegt að þróa frekar tilvísunaraðferðir til mælinga á forskriftunum sem settar eru fram í þessari tilskipun. Með þetta í huga skal gera ráðstafanir til að laga viðaukana við þessa tilskipun að tæknilegum framförum.

24) Því ber að fella úr gildi tilskipun ráðsins 85/210/EBE frá 20. mars 1985 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um blýinnihald í bensíni<sup>(2)</sup>, tilskipun

ráðsins 85/536/EBE frá 5. desember 1985 um hráolíusparnað með notkun eldsneytislíkis í bensíni<sup>(3)</sup>, og b-lið 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 93/12/EBE frá 23. mars 1993 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti<sup>(4)</sup>.

25) Bráðabirgðaráðstafanirnar fyrir Austurríki, sem um getur í 69. gr. aðildarlaganna frá 1994, taka til 7. gr. tilskipunar 85/210/EBE. Beitingu þessarar bráðabirgðaráðstöfunar ber, með sérstöku tilliti til umhverfisverndar, að framlengja til 1. janúar 2000.

26) Hinn 20. desember 1994 var komist að bráðabirgðasamkomulagi milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmdarráðstafanir vegna gerða sem samþykktar eru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b sáttmálans<sup>(5)</sup>.

HAFI SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### Gildissvið

Í þessari tilskipun er með tilliti til heilbrigðis- og umhverfis-sjónarmiða kveðið á um tækniforskriftir fyrir eldsneyti til notkunar í ökutæki sem búin eru rafkveikju- og þrýsti-kveikjuhreyflum.

*2. gr.*

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „bensín“: allar rokkgjarnar jarðolíur sem ætlaðar eru til innri bruna sem knýr rafkveikjuhreyfla sem notaðir eru til þess að knýja ökutæki áfram og falla undir SAT-númerin 2710 00 27, 2710 00 29, 2710 00 32, 2710 00 34 og 2710 00 36;

2. „díseldsneyti“: gasolía, sem fellur undir SAT-númerið 2710 00 66 og er notuð fyrir sjálfnúin ökutæki sem um getur í tilskipun 70/220/EBE og tilskipun 88/77/EBE.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjútíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB L 96, 3.4.1985, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB L 334, 12.12.1985, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/441/EBE (Stjútíð. EB L 238, 21.8.1987, bls. 40).

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB L 74, 27.3.1993, bls. 81.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB C 102, 4.4.1996, bls. 1.

Aðildarríkjunum er heimilt að gera kröfu um sama brennisteinsinnihald og skilgreint er fyrir dísileldsneyti í þessari tilskipun, eða sem skilgreint er fyrir dísileldsneyti í tilskipun 93/12/EBE, fyrir gasolíur sem notaðar eru fyrir hreyfla í hreyfanlegum vélbúnaði til nota utan vega og í landbúnaðardráttarvélum.

3. gr.

### Bensín

1. Aðildarríkin skulu banna markaðssetningu blýbensíns á yfirráðasvæði sínu eigi síðar en 1. janúar 2000.

2. a) Aðildarríkin skulu sjá til þess að eigi síðar en 1. janúar 2000 sé einungis heimilt að markaðssetja blýlaust bensín á yfirráðasvæði þeirra sem uppfyllir umhverfisstærðirnar sem er að finna í I. viðauka.

b) Með fyrirvara um ákvæði a-liðar skulu aðildarríki frá og með 1. janúar 2000 heimila markaðssetningu blýlauss bensíns, sem uppfyllir forskriftirnar í III. viðauka, á yfirráðasvæði sínu.

c) Aðildarríkin skulu einnig sjá til þess að eigi síðar en 1. janúar 2005 sé einungis heimilt að markaðssetja blýlaust bensín á yfirráðasvæði þeirra sem uppfyllir umhverfisstærðirnar sem er að finna í III. viðauka.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., er heimilt að leyfa aðildarríki, hafi beiðni verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. ágúst 1999, að heimila áfram markaðssetningu blýbensíns til 1. janúar 2005, í síðasta lagi, geti það fært sönnur á að bann myndi orsaka alvarleg félagshagfræðileg vandamál eða myndi ekki leiða til almenns ábata frá umhverfis- eða heilbrigðissjónarmiði, meðal annars vegna loftslags í aðildarríkinu.

Blýinnihald í blýbensíni skal ekki vera meira en 0,15 g/l og benseninnihald skal uppfylla forskriftirnar í I. viðauka. Önnur gildi í forskriftunum mega haldast óbreytt miðað við núverandi ástand.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að leyfa aðildarríki, hafi beiðni verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. ágúst 1999, að heimila áfram markaðssetningu blýlauss bensíns með brennisteinsinnihald, sem uppfyllir ekki forskriftina um brennisteinsinnihald í I. viðauka en fer ekki yfir núverandi innihald, á yfirráðasvæði þess til 1. janúar 2003, í síðasta lagi, geti það fært sönnur á að atvinnuvegir þess yrðu fyrir verulegum skakkaföllum vegna nauðsynlegra breytinga á framleiðslubúnaði þeirra, á tímabilinu frá þeim degi sem þessi tilskipun er samþykkt til 1. janúar 2000.

5. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að leyfa aðildarríki, hafi beiðni verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. ágúst 2003, að heimila áfram markaðssetningu blýlauss bensíns með brennisteinsinnihald sem samræmist ekki III. viðauka en uppfyllir ákvæði I. viðauka, á yfirráðasvæði þess til 1. janúar 2007, í síðasta lagi, geti það fært sönnur á að atvinnuvegir þess yrðu fyrir verulegum skakkaföllum vegna nauðsynlegra breytinga á framleiðslubúnaði þeirra, á tímabilinu frá þeim degi sem þessi tilskipun er samþykkt til 1. janúar 2005.

6. Framkvæmdastjórnin getur leyft undanþágur sem um getur í 3., 4. og 5. mgr. í samræmi við sáttmálann.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum ákvörðun sína og upplýsa Evrópuþingið og ráðið um hana.

7. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta aðildarríkin leyft áfram markaðssetningu blýbensíns í smáum stíl samkvæmt forskriftum sem minnst er á í öðrum lið 3. mgr., enda nemi það að hámarki 0,5% af heildarsölu, til nota fyrir sérstæða fornbíla og skal því dreift fyrir tilstilli sérstakra hagsmunahópa.

4. gr.

### Dísileldsneyti

1. a) Aðildarríki skulu sjá til þess að eigi síðar en 1. janúar 2000 sé einungis heimilt að markaðssetja dísileldsneyti á yfirráðasvæði þeirra sem uppfyllir umhverfisstærðirnar sem er að finna í II. viðauka.

b) Með fyrirvara um ákvæði a-liðar skulu aðildarríkin, frá og með 1. janúar 2000, heimila markaðssetningu dísileldsneytis sem uppfyllir forskriftirnar í IV. viðauka á yfirráðasvæði sínu.

c) Aðildarríkin skulu einnig sjá til þess að eigi síðar en 1. janúar 2005 sé einungis heimilt að markaðssetja dísileldsneyti á yfirráðasvæði þeirra sem uppfyllir umhverfisstærðirnar sem er að finna í IV. viðauka.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., er heimilt að leyfa aðildarríki, hafi beiðni verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. ágúst 1999, að heimila áfram markaðssetningu dísileldsneytis með brennisteinsinnihald sem samræmist ekki II. viðauka en fer ekki yfir núverandi innihald, á yfirráðasvæði þess til 1. janúar 2003, í síðasta lagi, geti það fært sönnur á að atvinnuvegir þess yrðu fyrir verulegum skakkaföllum vegna nauðsynlegra breytinga á framleiðslubúnaði þeirra, á tímabilinu frá þeim degi sem þessi tilskipun er samþykkt til 1. janúar 2000.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að leyfa aðildarríki, hafi beiðni verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. ágúst 2003, að heimila áfram markaðssetningu díseleldsneytis með brennisteinsinnihald sem samræmist ekki IV. viðauka en uppfyllir ákvæði II. viðauka, á yferráðasvæði þess til 1. janúar 2007, í síðasta lagi, geti það fært sönnur á að atvinnuvegir þess yrðu fyrir verulegum skakkaföllum vegna nauðsynlegra breytinga á framleiðslubúnaði þeirra, á tímabilinu frá þeim degi sem þessi tilskipun er samþykkt til 1. janúar 2005.

4. Framkvæmdastjórnin getur leyft undanþágur sem um getur í 2. og 3. mgr. í samræmi við sáttmálann.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum ákvörðun sína og upplýsa Evrópuþingið og ráðið um hana.

5. gr.

#### Frjáls dreifing

Ekkert aðildarríki getur bannað, takmarkað eða hindrað markaðssetningu eldsneytis sem uppfyllir skilyrði þessarar tilskipunar.

6. gr.

#### Markaðssetning eldsneytis eftir strangari umhverfiskröfum

1. Þrátt fyrir ákvæði 3., 4. og 5. gr. geta aðildarríkin krafist þess að á tilteknum svæðum megi aðeins markaðssetja eldsneyti er uppfylli strangari umhverfiskröfum en þær, sem kveðið er á um í þessari tilskipun fyrir allan ökutækjafлотann eða hluta hans, með það fyrir augum að vernda heilsu íbúa á tilteknum þéttbýlisstað eða umhverfi á tilteknu svæði, sem er viðkvæmt frá vistfræðilegu sjónarmiði, í aðildarríki, ef mengun andrúmslofts er, eða ástæða er til að ætla að hún muni verða, alvarlegt og viðvarandi vandamál fyrir heilsu manna eða umhverfið.

2. Aðildarríki, sem óskar að nýta sér undanþágu samkvæmt 1. mgr. skal leggja beiðni sína fyrir framkvæmdastjórnina fyrirfram, ásamt rökstuðningi fyrir henni. Í rökstuðningnum skulu færðar sönnur á að með undanþágunni sé hlutfallsreglan virt og að hún raski ekki frjálsum fólks- og vöruflutningum.

3. Aðildarríkin sem um ræðir skulu láta framkvæmdastjórninni í té gögn um loftgæði á viðkomandi svæði, ásamt spá um áhrif fyrirhugaðra ráðstafana á loftgæði.

4. Framkvæmdastjórnin skal láta hinum aðildarríkjunum þessar upplýsingar í té tafarlaust.

5. Aðildarríkjunum er frjálst að gera athugasemdir við beiðnina og rökstuðninginn fyrir henni innan tveggja mánaða frá því að framkvæmdastjórnin lætur upplýsingarnar í té.

6. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um beiðni aðildarríkjana innan þriggja mánaða frá því að aðildarríkin leggja fram athugasemdir sínar. Framkvæmdastjórnin mun taka tillit til athugasemda aðildarríkjana og tilkynna þeim um ákvörðun sína og upplýsa Evrópuþingið og ráðið um hana samtímis.

7. Sérhverju aðildarríki er heimilt að vísa ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins innan eins mánaðar frá tilkynningunni um hana, eða, hafi ákvörðun ekki verið tekin, vísa málinu til ráðsins innan eins mánaðar frá því að tímabilið, sem um getur í 6. mgr., rennur út.

8. Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan tveggja mánaða frá því að málinu er vísað til þess.

7. gr.

#### Breyting á framboði hráolíu

Ef skyndileg breyting á framboði hráolíu eða jarðolíuafurða, vegna sérstakra aðstæðna, veldur því að hreinsunarstöðvar aðildarríkis eiga erfitt með að virða kröfur 3. og 4. gr. um eldsneytisforskriftir skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir að hafa tilkynnt það hinum aðildarríkjunum, að leyfa hærri markgildi eins eða fleiri eldsneytisþátta í því aðildarríki í allt að sex mánuði.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum ákvörðun sína og upplýsa Evrópuþingið og ráðið um hana.

Sérhverju aðildarríki er heimilt að vísa ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins innan eins mánaðar frá tilkynningunni um hana.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan eins mánaðar frá því að málinu er vísað til þess.

8. gr.

#### Eftirlit og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með því að kröfum 3. og 4. gr. sé fullnægt á grundvelli greiningaraðferðanna í I. og II. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin mun stuðla að þróun samræmnds kerfis til eftirlits með gæðum eldsneytis. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fara fram á aðstoð Staðlasamtaka Evrópu við þróun slíks kerfis.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákveða staðlað snið fyrir gerð yfirlits yfir innlend gögn um gæði eldsneytis eigi síðar en 30. júní 2000.

4. Fyrir 30. júní ár hvert skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina yfirlit yfir liðið almanaksár, í fyrsta sinn fyrir 30. júní 2002.

9. gr.

#### Endurskoðunarferli

1. Framkvæmdastjórnin skal öðru hverju og í fyrsta sinn eigi síðar en 12 mánuðum frá því að þessi tilskipun er samþykkt, en í öllu falli eigi síðar en 31. desember 1999, og í ljósi matsins sem fram fór í samræmi við kröfur 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/69/EB frá 13. október 1998 um ráðstafanir gegn loftmengun vegna útblásturs frá vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE<sup>(1)</sup>, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu um endurskoðun þessarar tilskipunar sem óaðskiljanlegan lið í stefnumörkun sem er ætlað að stuðla að því að kröfum bandalagsstaðla um loftgæði og skyld markmið sé fullnægt.

2. Í tillögunni skulu vera umhverfisstærðir er styðji lögboðnu forskriftirnar, sem kveðið er á um í III. viðauka fyrir bensín og IV. viðauka fyrir díseleldsneyti, meðal annars með vísan til uppsafnaðrar þekkingar á kröfum um að draga úr útblæstri með loftgæði, skilvirka starfsemi nýrrar tækni til að draga úr mengun og þróun á alþjóðlegum eldsneytismörkuðum í huga.

3. Auk ákvæða 1. og 2. mgr. er framkvæmdastjórninni meðal annars heimilt að leggja fram,

— tillögur þar sem tekið er tillit til sérstakra aðstæðna einsleitra ökutækjafloata og þarfarinnar á að leggja til stig forskrifa fyrir það sérstaka eldsneyti sem þau nota,

— tillögur þar sem ákveðin eru forskriftarstig fyrir fljótandi jarðolúugas (LPG), jarðgas og lífrænt eldsneyti.

10. gr.

#### Málsmeðferð við aðlögun að tækniframförum.

Hvers kyns breytingar, sem nauðsynlegar eru til að laga mæliaðferðirnar, eins og mælt er fyrir um þær í hægri hluta I., II., III. og IV. viðauka („prófun“) við þessa tilskipun, að tækniframförum, skulu samþykktar af framkvæmdastjórninni með aðstoð nefndarinnar, sem komið var á fót í samræmi við 12. gr. tilskipunar 96/62/EB<sup>(2)</sup>, og samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 11. gr. þessarar tilskipunar.

Þessi aðlögun má ekki leiða til þess að markgildum sem tilgreind eru í þessari tilskipun sé breytt, beint eða óbeint, né til neinnar breytingar á þeim dagsetningum sem þau öðlast gildi á.

11. gr.

#### Nefndarmeðferð

1. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina sem um getur í 10. gr. drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir, séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 55.

12. gr.

**Niðurfelling og breyting á tilskipunum sem tengjast eldsneytisgæðum bensíns og díseldsneytis**

1. Tilskipanir 85/210/EBE, 85/536/EBE og 87/441/EBE falli hér með úr gildi frá 1. janúar 2000.
2. Tilskipun 93/12/EBE breytist þannig að b-liður 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. falla niður frá 1. janúar 2000.

13. gr.

**Lögleiðing í aðildarríkjunum**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá 1. janúar 2000.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

**Austurríki**

Fram til 1. janúar 2000 skulu ákvæði 7. gr. tilskipunar 85/210/EBE ekki gilda um Austurríki að því er varðar benseninnihald í bensíni sem um getur í 4. gr. þeirrar tilskipunar.

15. gr.

**Gildistaka tilskipunarinnar**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

16. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 13. október 1998.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J.M. GIL-ROBLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. EINEM

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR ELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ  
RAFKVEIKJUHREYFLUM

Tegund: Bensín

Færibreyta	Eining	Mörk <sup>(1)</sup>		Prófun	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Birting
Prófunaroktantala		95	—	EN 25164	1993
Hreyfilsoktantala		85	—	EN 25163	1993
Gufuþrýstingur (RVP) að sumri <sup>(2)</sup>	kPa	—	60,0	EN 12	1993
Eiming:					
uppgufun við 100 °C	% v/v	46,0	—	EN-ISO 3405	1988
uppgufun við 150 °C	% v/v	75,0	—		
Vetniskolefnisgreining:					
– alken (ólefín)	% v/v	—	18,0 <sup>(3)</sup>	ASTM D1319	1995
– arómatísk efni		—	42,0	ASTM D1319	1995
– bensen		—	1,0	prEN 12177	1995 (*)
Súrefnisinnihald	% m/m	—	2,7	EN 1601	1996
Súrefnissambönd:					
— Metanól, bæta verður við stöðgurum	% v/v	—	3	EN 1601	1996
— Etanól, stöðgarar kunna að vera nauðsynlegir	% v/v	—	5	EN 1601	1996
— Ísóprópýlalkóhól	% v/v	—	10	EN 1601	1996
— Tert-bútýlalkóhól	% v/v	—	7	EN 1601	1996
— Ísóbutýlalkóhól	% v/v	—	10	EN 1601	1996
— Etrar með 5 eða fleiri kol- efnisfrumeindir í sameind	% v/v	—	15	EN 1601	1996
Önnur súrefnissambönd <sup>(4)</sup>	% v/v	—	10	EN 1601	1996
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	150	prEN-ISO/ DIS 14596	1996 (*)
Blýinnihald	g/l	—	0,005	EN 237	1996

(\*) Útgáfumánuði verður bætt inn í síðar.

<sup>(1)</sup> Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259, „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R=samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).<sup>(2)</sup> Sumartímabilið skal hefjast eigi síðar en 1. maí og eigi ljúka fyrr en 30. september. Í aðildarríkjum, þar sem heimskaufloftslag ríkir, skal sumartímabilið hefjast eigi síðar en 1. júní og eigi ljúka fyrr en 31. ágúst og gufuþrýstingurinn (RVP) skal takmarkast við 70 kPa.<sup>(3)</sup> Að undanskildu venjulegu blýlausu bensíni (hreyfilsoktantala að lágmarki 81 og prófunaroktantala að lágmarki 91) þar sem alkenainnihaldið er að hámarki 21% miðað við rúmmál (v/v). Þessi markgildi skulu ekki koma í veg fyrir að annars konar blýlaust bensín með lægri oktantölu en sett er fram í þessum viðauka sé innleitt á markað í aðildarríki.<sup>(4)</sup> Önnur eingild alkóhól með lokaemingarmark ekki hærra en lokaemingarmarkið sem mælt er fyrir um í innlendum forskriftum eða, þar sem þær eru ekki til, í iðnaðarforskriftum fyrir vélaldsneyti.



## II. VIÐAUKI

**UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR ELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ  
ÞJÖPPUNARKVEIKJUHREYFLUM**

*Tegund: Dísileldsneyti*

Færibreyta	Eining	Mörk <sup>(1)</sup>		Prófun	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Birting
Setantala		51,0	—	EN-ISO 5165	1992
Eðlismassi við 15 °C	kg/m	—	845	EN-ISO 3675	1995
Eiming: 95% mark	°C	—	360	EN-ISO 3405	1988
Fjölhringja, arómatísk vetniskolefni	% m/m	—	11	IP 391	1995
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	350	prEN-ISO/ DIS 14596	1996 (*)

(\*) Útgáfumánuði verður bætt inn í síðar.

<sup>(1)</sup> Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259, „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R=samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

## III. VIÐAUKI

**UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR ELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ  
RAFKVEIKJUHREYFLUM**

Tegund: **Bensín**

Færibreyta	Eining	Mörk <sup>(1)</sup>		Prófun	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Birting
Prófunaroktantala		95		EN 25164	1993
Hreyfilsoktantala		85		EN 25163	1993
Gufuþrýstingur (RVP) að sumri	kPa	—			
Eiming:					
uppgufun við 100 °C	% v/v	—	—		
uppgufun við 150 °C		—	—		
Vetniskolefnisgreining:					
– ólefin	% v/v	—			
– arómatísk efni	% v/v	—	35,0	ASTM D1319	1995
– bensen	% v/v	—			
Súrefnisinnihald	% m/m	—			
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	50	prEN-ISO/ DIS 14596	1996 (*)
Blýinnihald	g/l	—			

(\*) Útgáfumánuði verður bætt inn í síðar.

<sup>(1)</sup> Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259, „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R=samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

## IV. VIÐAUKI

**UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR ELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ  
ÞJÖPPUNARKVEIKJUHREYFLUM**

*Tegund: Dísileldsneyti*

Færibreyta	Eining	Mörk <sup>(1)</sup>		Prófun	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Birting
Setantala			—		
Eðlismassi við 15 °C	kg/m		—		
Eiming: 95% mark	°C	—			
Fjölhringja, arómatísk vetniskolefni	% m/m	—			
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	50	prEN-ISO/ DIS 14596	1996 (*)

(\*) Útgáfumánuði verður bætt inn í síðar.

<sup>(1)</sup> Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259, „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R=samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

**Yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar**

*Vegna 5. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr.*

Við skoðun á undanþágubeiðnum samkvæmt 5. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. mun framkvæmdastjórnin sannprófa hvort undanþágan sé samrýmanleg lögum bandalagsins, þ.m.t. samkeppnislögum, með tilliti til þess hvort í bandalaginu sé fyrir hendi nægilegt magn eldsneytis á viðunandi gæðastigi.

*Vegna breytingar Evrópuþingsins nr. 18*

Framkvæmdastjórnin viðurkennir mikilvægi skattaívilnandi ráðstafana til að hvetja til notkunar á endurbættu eldsneyti. Hún mun taka viðeigandi tillit til þess við framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/81/EBE og mun tryggja, innan þeirra marka sem hún hefur heimild til, að viðeigandi ákvæði þeirrar tilskipunar komi fljótt til framkvæmda.